

**Nd.**

**518. Nefndarállt**

um frv. til laga um að ríkið taki að sjer kvennaskólana í Reykjavík og á Blönduósi.

Frá meiri hluta mentamálanefndar.

Frv. þetta er komið frá hv. Ed. og lagt fyrir hana af stjórninni. Hefir málið fengið þar fljóta afgreiðslu.

Mentamálanefnd hefir athugað frv., en ekki getað orðið einhuga um að leggja til, að málið gengi fram. Meiri hlutinn telur rjettmætt, að frv. nái samþykki þingsins, og byggist það á því, að jafnvel þó búast megi við því, að það baki ríkissjóði nokkurn aukinn kostnað að taka skóla þessa að sjer, þá sje það aðeins aukaatriði, en á hitt beri sjerstaklega að lita, að skólar þessir verði gerðir svo vel úr garði, sem kostur er á, svo að þeir nái fyllilega tilgangi sínum.

Það hljóta allir að viðurkenna, að sjermentun kvenna á fyllilega jafnan rjett á sjer og sjermentun karla. Og þar sem ríkið hefir nú tekið að sjer búnaðarskólana, er auðsætt, að hið sama á að ganga yfir kvennaskóla með sjermentun fyrir konur.

Þegar litið er á þýðing þessara skóla fyrir uppeldismál þjóðarinnar, þá verður því naumast neitað með rökum, að hún er meiri en nokkurra annara skóla í þessu landi. Vel mentuð húsfreyja og móðir, sem leggja á fyrsta grundvöllinn að uppeldi hvers borgara þessa lands, er það, sem þjóðin þarfnast mest.

Það á því að vera fyrsta og síðasta krafa, að ríkið annist það að gera þessa skóla að sjerstakri fyrirmynd, svo að óskekult sje, að þeir leysi það hlutverk sem best af hendi, sem þeim er ætlað að vinna.

Í þeim þingdögnum, sem nú eru, verður ekki frekar farið út í þetta mál í nefndaráli, en meiri hlutinn leggur til, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 5. maí 1926.

Magnús Jónsson,  
form.

Sigurj. Jónsson.

Þórarinn Jónsson,  
frsm.